

TD I-Series

Notandahandbók

TD I-13

TD I-16



Notandahandbók TD I-Series

Útgáfa 1.0.2

2023-06-19

Allur réttur áskilinn.

Höfundarréttur © Tobii Dynavox AB (publ)

Ekki má afrita nokkurn hluta af þessu skjali, geyma það í endurheimtakerfi, eða senda í nokkru formi, með nokkrum leiðum (rafrænum, ljósritun, upptöku eða á annan hátt) án þess að vera með skriflegt leyfi frá útgefanda.

Höfundarréttarvernd nær yfir öll form og efni höfundarréttarvarinna efna og upplýsinga sem gildandi lög leyfa eða eiga eftir að leyfa, þ.m.t. án takmarka, efni sem kemur frá hugbúnaðinum sem sést á skjánum svo sem skjámyndir, valmyndir o.s.frv.

Upplýsingarnar í þessu skjali eru í eigu Tobii Dynavox. Hverskonar endurgerð að hluta eða í heilu lagi án fyrra skriflegs samþykkis Tobii Dynavox er óleyfileg.

Vörur sem er vísað til í þessu skjali geta verið annað hvort vörumerki og/eða skráð vörumerki viðkomandi eigenda. Útgefandi og höfundur gera ekki tilkall til þessara vörumerkja.

Þó að allrar varfærni hafi verið gætt við undirbúning þessa skjals, taka útgefandi og höfundur enga ábyrgð á villum eða yfirsjónum, eða á tjóni sem verður til af notkun upplýsinga í þessu skjali eða af notkun forrita eða forritunarkóða sem gæti fylgt með því. Útgefandi og höfundur bera enga skaðabótaskyldu vegna tapaðs hagnaðar, eða nokkurs annars viðskiptalegs taps sem orsakast af eða er talið hafa orsakast beint eða óbeint af þessu skjali.

Efni getur breyst án fyrirvara.

Athugaðu heimasíðu Tobii Dynavox.

www.TobiiDynavox.com fyrir uppfærðar útgáfur af þessu skjali.

Tengiliðaupplýsingar:

Tobii Dynavox AB
Karlsrovägen 2D
182 53 Danderyd
Sweden

+46 8 663 69 90

Tobii Dynavox LLC
2100 Wharton Street, Suite 400
Pittsburgh, PA 15203
USA

+1-800-344-1778

Tobii Dynavox Ltd.
Sheffield Technology Parks
Cooper Buildings
Arundel Street
Sheffield S1 2NS
Bretland

+46 8 663 69 90

Tobii Dynavox (Suzhou) Co. Ltd
Unit 11/12, Floor 3, Building B, No.5 Xinghan Street, SIP,
Suzhou
P.R.China 215021

+86 512 69362880

Eftirfarandi vörur eru verndaðar af bandarískum einkaleyfum 7.572.008, 6.659.611, 8.185.845 og 9.996.159:

- TD I-13 Auðkenni tækis: 7340074601998
- TD I-16 Auðkenni tækis: 7340074602001

Þú getur fundið tegund TD I-Series tækis á miðanum á bakhliðinni.



Efnisyfirlit

1	Kynning	7
1.1	Útskýringar á viðvörðunum	7
1.2	Tákn og merkingar	7
1.3	Ætluð notkun	9
1.3.1	Fyrirhugaður notendaprófill	9
1.3.2	Viðbótarupplýsingar	9
1.3.3	Færanleg notkun	10
1.3.4	Uppsett notkun	10
1.4	Innihald pakka	10
2	Öryggi	12
2.1	Varist varanlegar heyrnarskemmdir	13
2.2	Hiti	13
2.3	Rafmagn og rafhlöður	13
2.4	Uppsetning	14
2.5	Neyð	14
2.6	Innrætt	14
2.7	Flogaveiki	14
2.8	Rafmagn	15
2.9	Hugbúnaður	15
2.10	Öryggi barna	15
2.11	Umhverfisstjórnun	15
2.12	Eye Gaze (Augnstýring)	15
2.13	Þriðji aðili	15
3	Yfirlit yfir TD I–13 og TD I–16	16
3.1	Lykilatriði	16
3.2	Uppsetning vöru	16
3.2.1	TD I–13 og TD I–16	16
3.2.2	Tengi, skynjarar og tækjahnappar	17
3.3	Foruppsettur hugbúnaður	19
4	Rafhlöður í tækinu	20
4.1	Rafhlöður	20
4.2	Hleðsla TD I-Series	20
4.2.1	Staða LED Hegðun	20
4.3	Að skipta um rafhlöðu	20
5	Notkun á tækinu	22
5.1	Kveikt á tækinu	22
5.1.1	Fyrsta ræsing	22
5.1.1.1	Staðbundinn reikningur	22
5.1.1.1.1	Hvað er staðbundinn ónettengdur reikningur í Windows?	22

5.1.1.2	Að búa til staðbundinn notandareikning	22
5.1.1.3	Uppsetning Tobii Dynavox	23
5.1.2	Upplýsingar um lykilorð	23
5.2	Slökkt á tækinu	23
5.3	Notkun Eye Gaze (Augnstýringu)	23
5.3.1	Staðsetning	24
5.3.2	Ráð til notkunar utandyra	24
5.3.3	Rakningarkassi.....	24
5.3.4	Staða rakningar	25
5.3.5	Augnstýringarstillingar (forrit)	26
5.3.5.1	Fínstillingar flipi.....	26
5.3.5.1.1	Skoða notandauppsetningar:	26
5.3.5.1.2	Búa til nýja notandauppsetningu	27
5.3.5.1.3	Niðurstöður fínstillingar.....	27
5.3.5.1.4	Prófa fínstillingu	28
5.3.5.1.5	Kvörðun	29
5.3.5.2	Virkjunarflipi.....	31
5.3.5.2.1	Augntillits stillingar	31
5.3.5.2.2	Stillingar augntillits og rofa	31
5.3.5.3	Svörunarflipinn	32
5.3.5.4	Almennur flipi.....	33
5.3.5.4.1	Wake-on-Gaze®.....	33
5.3.5.4.2	Valmynd utan skjás	34
5.3.5.4.3	Sýna TD Control flýtleið.....	34
5.3.5.4.4	Skrár.....	34
5.4	Notkun á Windows Hello	34
5.4.1	Uppsetning Windows Hello	35
5.5	Notkun á stillanlega undirstöðustandinum	35
5.6	Notkun samstarfsgluggans	36
5.7	Notkun myndavéla	37
5.8	Notkun á Forritanlegri IR fjarstýringu	37
5.9	Stilling á hljóðstyrk	37
5.10	Hljóðið stillt.....	37
5.11	Tobii Dynavox vélbúnaðarstillingar	37
5.11.1	Aðlögunarhnappar.....	38
5.11.1.1	Þríhyrningshnappur	38
5.11.1.2	Ferhyrningshnappur	38
5.11.1.3	Hnappar fyrir hljóðstyrk	38
5.11.1.3.1	Virkja hljóðstyrkshnappa	38
5.11.1.3.2	Afviðvirka hljóðstyrkshnappa.....	39
5.11.2	Augnstýring	39
5.11.2.1	Augnstýringu	39
5.11.2.1.1	Virkja augnastýringu	39
5.11.2.1.2	Afviðvirka augnastýringu	39
5.11.2.2	Augnstýringarstillingar	39
5.11.3	Hljóð	40
5.11.3.1	Virkja sjálfvirka greiningu heyrnartólstengis	40
5.11.3.2	Gera óvirka sjálfvirka greiningu heyrnartólstengis.....	40
5.11.4	Rofar	40
5.11.4.1	Virkja tengdan rofa	41
5.11.4.2	Gera óvirkan tengdan rofa.....	41
5.11.4.3	Veldu aðgerð fyrir rofa 1 og/eða rofa 2.....	41
5.11.5	Snerting & bendingar	41

5.11.5.1	Strok á brún.....	41
5.11.5.1.1	Virkja Strok á brún.....	41
5.11.5.1.2	Gera óvirkt Strok á brún.....	42
5.11.5.2	Skjálæsing.....	42
5.11.5.2.1	Virkja Skjálæsing.....	42
5.11.5.2.2	Gera óvirka Skjálæsing.....	42
5.11.6	Vörulykill.....	42
5.11.7	Um.....	43
5.11.8	Verkfæri og greiningar.....	44
5.11.8.1	Greiningar.....	44
5.11.8.2	Windows verkfæri.....	44
5.11.8.3	Uppfærslur og öryggi.....	44
5.12	Endurstilla tækið.....	45
6	Umhirða vöru.....	47
6.1	Hiti og rakastig.....	47
6.1.1	Almenn notkun - notkunar hitastig.....	47
6.1.2	Flutningur og geymsla.....	47
6.2	Hreinsun á tækinu.....	47
6.3	Uppstilling.....	47
6.4	Flutningur á tækinu.....	48
6.5	Tækinu fargað.....	48
6.6	Rafhlöðunum fargað.....	48
	Viðauki	
A	Aðstoð, ábyrgð, þjálfunargögn og úrræðaleit.....	49
A1	Notandapjónusta.....	49
A2	Ábyrgð.....	49
A3	Þjálfunargögn.....	49
A4	Úrræðaleitar leiðbeiningar.....	49
A4.1	Ef TD I-Series ræsir ekki.....	49
A4.2	Hvernig framkvæmi ég enduræsinguna á TD I-Series?.....	49
A5	Hvað geri ég ef stöðuljósið blikkar rautt þrisvar sinnum þegar ég reyni að ræsa TD I-Series?.....	50
B	Fylgni upplýsingar.....	51
B1	FCC yfirlýsing.....	51
B1.1	Fyrir P15B búnað.....	51
B1.2	Fyrir flytjanlegan búnað.....	51
B2	Upplýsingar um útsetningu fyrir útvarpsbylgju geislun og SAR (Specific Absorption Rate).....	51
B3	Iðnaður í Kanada yfirlýsing.....	52
B4	CE yfirlýsing.....	52
B5	Tilskipanir og staðlar.....	53
C	Rekstrarástand tölvubúnaðar og staða LED ljósa.....	54
D	Tæknilýsingar.....	56
D1	Venjulegt TD I-Series.....	56

D2	Straumbreytir tækis.....	57
D3	Rafhlöðupakki	57
D4	Augnstýring	58
E	Leyfilegur hámarkshiti	59
F	Samþykktur aukabúnaður	60
G	Staðbundnir vottunarsamstarfsaðilar	61

1 Kynning

Takk fyrir að kaupa TD I-Series tæki!

Til að tryggja hámarks frammistöðu þessarar vöru skaltu taka þér tíma til að lesa þennan leiðarvísir vandlega.

TD I-Series tækið er fáanlegt í tveimur mismunandi stærðum: TD I-13 með 13,3" skjá og TD I-16 með 15,6" skjá. TD I-Series er Eye Gaze tæki en hægt er að panta án Eye Gaze aðgerðar.

Þessi notendahandbók nær yfir:

- TD I-Series tæki, tegundir TD I-13 og TD I-16.
- Eye Gaze aðgerðir

1.1 Útskýringar á viðvörnum

Í þessum leiðarvísi notum við sex (6) stig viðvarana eins og lýst er hér:



Athugið táknið er notað til að tilkynna notanda um eitthvað mikilvægt eða að eitthvað þurfi að að gæta sérstaklega að.



Ábendingartáknið er notað til að láta notanda vita um eitthvað sem þeim hefði kannski ekki dottið í hug.



Aðvörðun táknið er notað til að upplýsa um eitthvað sem gæti valdið skaða eða bilun í búnaðinum.



Varúð táknið er notað til að upplýsa um eitthvað sem gæti mögulega valdið notandanum skaða ef viðvörðunin er hunsuð.



Hár hljóðstyrkur táknið er notað til að upplýsa um eitthvað sem gæti valdið heyrnarskaða.






























Hár hiti táknið er notað til að upplýsa um yfirborðshita aðstæður sem gætu valdið áverkum eða óþægindum.

1.2 Tákn og merkingar

Þessi hluti gefur upplýsingar um tákn sem eru notuð á TD I-Series, fylgihlutum eða umbúðum.

Tákn eða merkingar	Lýsing
	USB 3.0 Tengir.
	Biðstaða
SW1	3,5mm Rofagátt (1)
SW2	3,5mm Rofagátt (2)
	Straumtengill
	Heyrnartólstengi 3,5 mm.

Tákn eða merkingar	Lýsing
	Fargaðu þessu í samræmi við reglur um rafeindaúrgang í búsetulandi þínu.
	CE er skammstöfun Evrópubandalaganna og þetta merki segir tollvörðum í Evrópusambandinu að varan uppfylli eina eða fleiri EB tilskipanir.
	UKCA (UK Conformity Assessed) merking er bresk vörumerking sem er notuð fyrir vörur sem eru settar á markað í Bretlandi (Englandi, Wales og Skotlandi). Það nær yfir flestar vörur sem áður þurftu CE-merkingu.
	Þetta merki er gæðamerki sem notað er á rafeindavörur sem eru framleiddar eða seldar í Bandaríkjunum sem vottar að rafsegultruflun frá tækinu sé undir hámarki frá Federal Communication Commission.
	Reglugerðarmerki sem tákna uppfylltar reglur Rússlands, Kasakstan, Hvíta-Rússlands.
	Merkið gefur til kynna að rafeindatæki eins og upplýsingatækni og hljóð-/myndbandsbúnaður séu í samræmi við NOM (Normas Oficiales Mexicanas) staðla um öryggi í Mexíkó.
	Japönsk vottun fyrir raf-/rafræn tæki og íhluti.
	Tæknilega samræmismerkið er sönnun þess að fjarskiptabúnaðurinn sé í samræmi við tæknilegar reglur sem tilgreindar eru í útvarpslögum í Japan. Gildir aðeins fyrir TD I–16.
	Samræmist öllum viðkomandi japönskum EMC kröfum. Gildir aðeins fyrir TD I–16.
	IC er skammstöfun Industry Canada og þetta merki segir tollvörðum í Kanada að varan uppfylli eina eða fleiri kanadíska staðla.
	UL flokkunarmerki fyrir Kanada og Bandaríkin.
	Viðurkennt íhlutamerki fyrir Kanada og Bandaríkin.
	Fylgdu notkunarleiðbeiningum.
	Endurvinnanlegt efni.
	Endurvinnanlegt efni í Taívan.
	Samræmist öllum viðkomandi áströlskum EMC kröfum.
	Framleiðandi.
	Tilvísunarnúmer.

Tákn eða merkingar	Lýsing
	Raðnúmer.
	Búnaður í öryggisflokki II (styrkt einangrun).
	Þetta merki sýnir útskautun pinna á AC/DC straumbreytinum.
IP54	Rýmis verndarkóði í samræmi við IEC 60529.
	Skylduskírteini í Kína.
	Viðurkenndasta alþjóðlega öryggismerkið. Þessi öryggisskráning gefur til kynna að varan hafi verið prófuð samkvæmt IEC60601-1.
	RoHS samræmi í Kína.
	Samræmi við RoHS tilskipun.
	Einkvæmt auðkenni tækis.
	Merking lækningatækja.

1.3 Ætluð notkun

TD I-Series er fyrst og fremst hugsað sem tjáskiptatæki. TD I-Series er ætlað að veita og vera viðbót fyrir dagleg samskipti fyrir fólk sem á í erfiðleikum með að tala vegna meiðsla, fötlunar eða veikinda. Þessi fyrirhugaða notkun endurspeglast í hönnunareiginleikum eins og endingargóðum rafhlöðum, frábærum hljóðgæðum, mikilli endingu og öðrum inntaksaðferðum, þar á meðal Tobii augnrakningu.



Frábending: TD I-Series tækið ætti aldrei að vera eina leiðin til að miðla mikilvægum upplýsingum fyrir notandann. Ef bilun verður í TD I-Series tækinu getur notandinn ekki átt samskipti með því.

1.3.1 Fyrirhugaður notendaprófill

Aðalnotendur á TD I-Series TD I-13 og TD I-16 eru þeir einstaklingar sem, vegna líkamlegra, tungumála og/eða vitsmunalegra aðstæðna, þurfa tjáskiptatæki fyrir tal. Það er viðeigandi fyrir notendur á öllum aldri.

1.3.2 Viðbótarupplýsingar

TD I-Series er sérsníðað tjáskiptatæki (SGD) sem er hannað til að veita notendum sínum aukna samskiptagetu og meira sjálfstæði. TD I-Series er fyrst og fremst ætlað að veita og vera viðbót fyrir dagleg samskipti fyrir fólk sem á í erfiðleikum með að tala vegna meiðsla, fötlunar eða veikinda. Þessi fyrirhugaða notkun endurspeglast í hönnunareiginleikum eins og endingargóðum rafhlöðum, frábærum hljóðgæðum, mikilli endingu, innbyggt umhverfiseftirlit og aðrar inntaksaðferðir.

TD I-Series er tæki með Tobii Eye Tracker og rafrýmdum snertiskjá fyrir snertiaðgang. Tækið er ætlað til notkunar á festingarmi eða uppréttri stöðu á viðeigandi yfirborði. Auk augnstýringar og snertingar er hægt að stjórna tækinu með rofa skönnun, mús, lyklaborði eða fleiri en einni aðferð.

TD I-Series er fyrst og fremst hannað fyrir samskipti augliti til auglitis og í öðru lagi fyrir fjarsamskipti og aðgang að tölvum. TD I-Series gerir notandanum kleift að eiga samskipti með texta eða táknum til að búa til texta í tal eða spila upptekin skilaboð fyrir auglitis til auglitis samskipti. Notandinn getur einnig birt skilaboðin sín á skjánum sem snýr út á við á bakhlíð tækisins. TD I-Series gerir notendum kleift að semja textaskilaboð (SMS) og tölvupóst í gegnum aðlöguð viðmót eða fá aðgang að forritum og þjónustu þriðja aðila fyrir samskipti á netinu, svo sem Skype eða Facebook.


Með TD I-Series, hafa notendur frelsi og sveigjanleika sem veitt er í gegnum Microsoft® Windows umhverfið.

TD I-Series uppfyllir skilgreininguna á lækningatækjum; og er skráð sem lækningatæki í flokki I hjá sænsku læknastofnuninni og sem varanlegt lækningatæki í flokki II hjá bandaríska FDA. TD I-Series er til í tveimur stærðum (13,3 og 15,6); og er fánlegt sem sérstakt (læst) talmyndandi tæki. TD I-Series tækið viðheldur ekki né stuðlar að lífi. Ef bilun verður í TD I-Series tæki, ætti notandinn að hafa lágtækni öryggislausn fyrir samskipti.

1.3.3 Færanleg notkun

Færanlegt TD I-Series er hægt að nota í tveimur (2) mismunandi stöðum.

- Upprétt staða
- Uppsett (sjá kafla 1.3.4 Uppsett notkun, síða 10)



Upprétt staða

1.3.4 Uppsett notkun

Uppsetningarplatan á tækinu tengist Connect IT/REHAdapt festingum. Ef þú notar Daessy festingu, þarf millistykki.

1.4 Innihald pakka



Ráðlagt er að passa upp á umbúðirnar sem komu með TD I-Series.

Ef skila þarf tækinu til Tobii Dynavox vegna ábyrgðartengdra vandamála eða viðgerðar, er betra að nota upphaflegar eða samskonar umbúðir fyrir flutning. Flestir flutningsaðilar krefjast að minnsta kosti 5 sm þykks lags af umbúðaefni utan um tækið.

Athugið: Vegna reglna frá Joint Commission, þarf að farga öllu umbúðaefni þ.m.t. kössum sem sendir eru til Tobii Dynavox .

Hlutirnir hér að neðan fylgja með í TD I-Series pakkanum:

- 1 Tæki (13.3" or 15.6")
- 1 Stillanleg undirstaða
- 1 Eye Tracker (innbyggður)
- 1 Festingarplata fyrir Connect IT/REHAdapt (uppsett)
- 1 Rafflaða
- 1 Aflgjafi
- 1 Windows 10 leyfi
- 1 Tobii Dynavox Communicator 5 hugbúnaður (foruppsettur)
- 1 TD Control hugbúnaður (foruppsettur)
- 1 TD Snap hugbúnaður (foruppsettur)
- 1 TD Browse hugbúnaður (foruppsettur)

- 1 TD Talk hugbúnaður (foruppsettur)
- 1 TD Phone hugbúnaður (foruppsettur)
- 1 TD Switcher hugbúnaður (foruppsettur)
- 1 Tobii Dynavox Gaze Viewer hugbúnaður (foruppsettur)
- 1 Tobii Dynavox Accessible Literacy Learning (ALL) hugbúnaður (foruppsettur) (Ekki í boði fyrir alla markaði)
- 1 Tobii Dynavox Hardware Settings hugbúnaður (foruppsettur)
- 1 Boardmaker 7 Student Center hugbúnaður (foruppsettur)
- 1 Eye FX2 Demo hugbúnaður (foruppsettur)
- 1 TD I-Series Notendahandbók (á tækinu sem PDF skjal)
- 1 Byrjunarleiðbeiningar (prentaðar)
- 1 TD Snap Grunnþjálfunarspjöld (prentuð)
- 1 Communicator 5 Þjálfunarspjöld (prentuð)
- 1 Öryggis- og samræmisskjöl (prentuð)
- 1 Hugbúnaðarleyfisskjöl (prentuð)
- 1 Ábyrgðarskjal (prentað)

2 Öryggi

TD I-Series tækið hefur verið prófað og samþykkt í samræmi við allar forskriftir og staðla sem taldir eru upp í *Viðauki B Fylgni upplýsingar, síða 51* þessarar handbókar og í *Viðauki D Tæknilýsingar, síða 56* -- þar á meðal, en ekki takmarkað við, lækningatækjastaðalinn (Class 1/Type B). Engu að síður, þarftu að hafa nokkrar öryggisráðstafanir í huga til að tryggja örugga notkun TD I-Series tækisins.



Engar breytingar á þessum búnaði eru heimilaðar



Viðgerðir á Tobii Dynavox tæki verður eingöngu framkvæmd af Tobii Dynavox eða Tobii Dynavox viðurkenndu og samþykktu viðgerðarverkstæði.



Frábending: TD I-Series tækið ætti aldrei að vera eina leiðin til að miðla mikilvægum upplýsingum fyrir notandann. Ef bilun verður í TD I-Series tækinu getur notandinn ekki átt samskipti með því.



Ef alvarlegt atvik hefur átt sér stað, hafið tafarlaust samband við framleiðandann og staðbundin yfirvöld.

Tilkynning: Mælt er með því að setja upp viðeigandi hugbúnað, ef þú hefur einhverjar spurningar skaltu hafa samband við framleiðandann til að fá frekari aðstoð.

Tilkynning: Til að koma í veg fyrir óviðkomandi aðgang er mælt með því að setja upp viðeigandi vírusvarnarhugbúnað eða tengjast ekki óöruggum ytri netkerfum.



TD I-Series má ekki nota sem öryggistæki, og ekki má treysta á það ef svo skildi fara að það hætti að virka vegna rafmagnsleysis eða annarra ástæðna.



Hætta getur verið á köfnun ef litlir hlutir losna af TD I-Series tækinu.



Passa verður að TD I-Series tækið verði ekki fyrir bleytu eða veðurskilyrðum sem falla utan við tæknilýsingu TD I-Series tækisins.



TD I-Series tæki skal aðeins nota með TD I-Series sérstökum aukabúnaði sem hefur uppsetningarleiðbeiningar sem fylgja með aukabúnaðinum.



Hleðslunúran getur skapað kyrkingarhættu fyrir ung börn. Aldrei má skilja lítil börn eftir eftirlitslaus með hleðslunúrunni.



Ung börn og fólk með vitsmunalega skerðingu ætti ekki að hafa aðgang að, eða fá að nota, TD I-Series tækið án eftirlits foreldra eða umsjónarmanna.




Ekki hengja neinar skreytingar, setja miða eða álíka á skjáhlíðina á TD I-Series tækinu. Þetta getur truflað Eye Gaze eða frammistöðu snertiskjás.



Aldrei beita afli til að þrýsta tengli inn í gátt. Ef ekki er hægt að setja tengilinn fremur auðveldlega í gáttina, passa þeir líklega ekki saman. Passaðu að tengillinn passi í gáttina og að þú hafir staðsett tengilinn rétt í samræmi við gáttina.

Passaðu þig sérstaklega með USB tengla.

2.1 Varist varanlegar heyrnarskemmdir


 Varanlegar heyrnarskemmdir geta átt sér stað ef heyrnartól eða hátalarar eru notaðir með of háum hljóðstyrk. Til að koma í veg fyrir þetta, ætti að stilla hljóðstyrk á öruggan styrk. Með tímanum getur þú orðið ónæmur fyrir háum hljóðstyrk sem getur þá hljómað viðunandi en samt skemmt heyrn þína. Ef þú upplifir einkenni eins og suð í eyrunum, skaltu lækka hljóðstyrkinn eða hætta að nota heyrnartól. Því hærri sem hljóðstyrkurinn er því minni tíma tekur að skemma heyrnina.

Heyrnarsérfræðingar ráðleggja eftirfarandi ráðstöfanir til að vernda heyrn þína:


- Takmarkaðu tímann sem þú notar heyrnartól á miklum hljóðstyrk.
- Forðastu að hækka hljóðið til að útiloka hávær umhverfishljóð.
- Lækkaðu í hljóðinu ef þú heyrir ekki í fólki tala nærri þér.


Til að setja á öruggan hljóðstyrk:

- Settu hljóðstyrkinn á lága stillingu.
- Hækkaðu hljóðið smátt og smátt þar til þú heyrir það þægilega og skýrt, án truflana.


 TD I-Series tækið getur framkallað hljóð á desibelsviði sem getur valdið heyrnarskerðingu hjá venjulega heyrandi einstaklingi, jafnvel þegar það er útsett í minna en eina mínútu. Hámarkshljóðstig einingarinnar er í takt við hljóðstigið sem heilbrigt ungmenni getur framkallað þegar það öskrar. Þar sem TD I-Series tækið er ætlað sem raddgervibúnaður, það deilir sömu möguleikum og hugsanlegri hættu á að valda skaða á heyrn. Hærri desibelsviðin eru í boði til að gera samskipti möguleg í hávaðasömu umhverfi og ætti að nota það með varúð og aðeins í umræddu hávaðasömu umhverfi.

2.2 Hiti

 Yfirborð TD I-Series tækisins getur orðið heitt sé það notað í beinu sólarljósi eða í öðru heitu umhverfi. Það eru innbyggðir hitaskynjarar sem fylgjast með hitastigi. Ef skynjararnir skynja hitastig yfir hitastigi sem tilgreint er í *Viðauki E Leyfilegur hámarkshiti, síða 59*, tækið mun sjálfkrafa kveikja á Windows slökkva eða dvala (fer eftir uppsetningu Windows Power Button) til að koma í veg fyrir hættu á skaða fyrir notandann. Það getur tekið smá stund áður en hægt er að endurræsa TD I-Series tækið þar sem tækið gæti þurft tíma til að kólna.


 Ekki snerta svæðið sem tilgreint er í *Skýringamynd 9: Hitaviðmiðunarsvæði, síða 59* þegar TD I-Series tækið er í gangi. Tilgreint svæði getur náð hita sem getur valdið varanlegu líkamstjóni við langvarandi beina snertingu við húð. Gerðu viðeigandi varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir líkamstjón.


2.3 Rafmagn og rafhlöður

 TD I-Series tækið notar litíumjónarafhlöður. Þessar rafhlöður hafa geymsluhitastig á bilinu -20 °C/-4 °F og 40 °C/104 °F innan 3 mánaða.


Ef þú ert í heitu umhverfi skaltu hafa í huga að það getur haft áhrif á hleðslugetu rafhlöðunnar. Innri hiti þarf að vera á milli 0 °C/32 °F og 45 °C/113 °F þannig að hægt sé að hlaða rafhlöðuna. Ef innri hiti rafhlöðunnar fer yfir 45 °C/113 °F mun rafhlaðan ekki hlaðast.


Færðu TD I-Series tækið og rafhlöðurnar í kaldara umhverfi til að hlaða rafhlöðurnar rétt.


 Forðist að útsetja rafhlöðurnar fyrir eldi eða hitastigi yfir 50 °C/122 °F. Þessar aðstæður geta valdið því að rafhlaða bílar, framleiði hita, kvikni í eða springi. Athugaðu að mögulegt er, í verstu tilvikum, að hiti verði hærri en það sem minnst er á að ofan í, t.d., skottinu á bíl á heitum degi. Þannig að, geymsla tækisins með rafhlöðum í heitu bílskotti gæti mögulega leitt til bilunar.


 Ekki taka rafhlöðuna í sundur eða skemma hana. Fylgdu umhverfislögum og reglugerðum sem gilda á þínu svæði þegar þú fargar rafhlöðum.


 Aðeins notandi má skipta um rafhlöðu með TDG G1 rafhlöðupakka sem seldur er af Tobii Dynavox. Sprengingarhætta er ef skipt er um rafhlöðu fyrir ranga gerð.


 Fyrir örugga notkun á TD I-Series tækinu, skaltu aðeins nota hleðslutæki og búnað sem samþykktur er af Tobii Dynavox.


 Ekki opna (nema rafhlöðulokið), eða breyta, kassanum utan um TD I-Series tækið eða aflgjafann, þar sem þú gætir orðið fyrir hættulegu raflosti. Tækið inniheldur enga hluta sem krefjast viðhalds. Ef TD I-Series tækið eða aukabúnaðar er skemmdur, **skaltu ekki nota það**.

 Ef rafhlaðan er ekki hlaðin og TD I-Series er ekki tengt við rafmagn, mun TD I-Series tækið slökkva á sér.

 Ef rafmagnssnúran skemmist, hafðu samband við Tobii Dynavox til að fá nýja.


 Ekki tengja nein tæki með aflgjafa sem ekki er af læknisfræðilegum gæðum við nein tengi á TD I-Series tækinu. Ennfremur skulu allar stillingar vera í samræmi við kerfisstaðalinn IEC 60601-1-1. Allir sem tengja viðbótarbúnað við merkjainntakshlutann eða merkjaúttakshlutann eru að setja upp sjúkrakerfi og bera því ábyrgð á að kerfið uppfylli kröfur kerfisstaðalsins IEC 60601-1-1. Ef þú ert í vafa skaltu hafa samband við tækniþjónustudeildina eða staðbundinn fulltrúa.

 Tengid fyrir tækið á aflgjafanum eða aðskiljanlega klóin er notað sem rafmagnsaftengingartæki, staðsetjið ekki TD I-Series tækið þannig að erfitt sé að stjórna aftengingarbúnaðinum.


 Sérstakar reglur gilda um flutning á litiumjónarafhlöðum. Ef þau detta, eru kramin, götuð, kastað, farið illa með eða skammhlaup verður í þeim, geta þau losað skaðlegt magn hita og kviknað getur í þeim, og þau eru hættuleg í eldi.

Ráðfærðu þig við IATA reglur þegar þú flytur litium málm eða litiumjónarafhlöður eða rafgeyma: http://www.iata.org/whatwedo/cargo/dangerous_goods/Pages/lithium_batteries.aspx


2.4 Uppsetning

 TD I-Series ætti að setja upp í samræmi við leiðbeiningar samþykktara festinga sem notaðar eru. Tobii Dynavox eða fulltrúar þess bera ekki skaðabótaábyrgð vegna skaða eða líkamstjóns á manneskju eða eignum hennar vegna þess að TD I-Series fellur niður úr uppsettri uppsetningu. Uppsetning á TD I-Series er algjörlega á eigin ábyrgð eiganda.


2.5 Neyð

 Ekki reiða þig á tækið fyrir neyðarsímtöl eða bankamillifærslur. Við ráðleggjum að hafa margar leiðir til að hafa samskipti í neyðaraðstæðum. Bankamillifærslur ætti aðeins að framkvæma með kerfi sem bankinn þinn mælir með og samþykkt er samkvæmt stöðlum bankans.

2.6 Innrautt

 TD I-Series gefur frá sér púlsað innrautt (IR) ljós bæði frá augnstýringu og frá umhverfisstjórnunareiningunni. Önnur tæki sem er stjórnað af IR eða eru næm fyrir truflunum af IR-ljósi gætu orðið fyrir áhrifum af IR-ljósinu sem er sent frá TD I-Series. Ekki nota TD I-Series í nálægð slíkra tækja ef virkni þeirra er mikilvæg.

2.7 Flogaveiki

 Sumt fólk með **ljósnæma flogaveiki** er útsett fyrir flogaköstum eða meðvitundarleysi þegar það sér vissar tegundir flassljósa eða ljósmynstra í hversdagslífinu. Það getur gerst jafnvel þó að manneskjan hafi enga sögu um flogaveiki eða hafi aldrei fengið flog.

Manneskja með ljósnæma flogaveiki gæti einnig upplifað vandamál í tengslum við sjónvarpsskjá, suma spilakassa og blikkandi flúorperur. Þeir einstaklingar gætu fengið flog þegar þeir horfir á vissar myndir eða mynstur á skjám, eða jafnvel þegar þeir verða fyrir ljósinu frá augnstýringu. Áætlað er að um 3-5% fólks með flogaveiki sé með þessa gerð ljósnæmar flogaveiki. Margt fólk með ljósnæma flogaveiki upplifir „áru“ eða finnur fyrir skrítnum tilfinningum áður en flogakast hefst. Ef þér líður einkennilega á meðan á notkun stendur, skaltu færa augun frá augnstýringunni.

2.8 Rafmagn



Ekki opna kassann utan um TD I-Series tækið, nema rafhlöðulokið, þar sem þú gætir orðið fyrir hættulegu raflosti. Tækið inniheldur enga hluta sem krefjast viðhalds frá notanda.

2.9 Hugbúnaður



Windows kemur með Windows Defender innifalinn, sem veitir vernd gegn vírusum, spilliforritum og öðrum hugsanlegum ógnum. Óháð því hvort þú notar Windows Defender eða þriðja aðila vírusvarnarforrit, mælum við með því að þú hafir alltaf vírusvarnarforritið uppfært.



Annar hugbúnaður en sá sem er foruppsettur á TD I-Series er uppsettur á eigin ábyrgð notanda. Ytri hugbúnaður gæti valdið því að TD I-Series bili og gæti fallið utan ábyrgðar.

2.10 Öryggi barna



TD I-Series eru háprúð tölvukerfi og rafeindatæki. Tækið er því samsett af fjölmörgum aðskildum samsettum hlutum. Barn gæti mögulega tekið suma þessara hluta af tækinu, sem gæti valdið hættu á köfnun eða annarri hættu fyrir barnið.

Ung börn ættu ekki að hafa aðgang að, eða nota tækið án eftirlits foreldra eða umsjónarmanna.

2.11 Umhverfisstjórnun



Ekki má treysta á Umhverfisstjórnunareiningu (ECU) — forritanlegu IR fjarstýringarinnar sem einu aðferðina við að hafa samskipti við IR stjórnun tæki.

2.12 Eye Gaze (Augnstýring)



Sumir gætu upplifað vissa þreytu (vegna áreynslu á augu og viðvarandi einbeitingar) eða jafnvel augnþurrk (vegna minni blikkunar) þegar þeir eru fyrst að venjast Eye Gaze. Ef þú upplifir þreytu eða augnþurrk skaltu byrja hægt og takmarka hversu lengi þú notar Eye Gaze þangað til þér líður vel með það. Augndropar geta hjálpað við augnþurrk.

2.13 Þriðji aðili



Tobii Dynavox tekur enga ábyrgð á afleiðingum sem hlýst af notkun á TD I-Series á þann hátt sem er í ósamræmi við fyrirhugaða notkun þess, þar með talið hvers kyns notkun á TD I-Series með hugbúnaði og/eða vélbúnaði þriðja aðila sem breytir fyrirhugaðri notkun.

3 Yfirlit yfir TD I-13 og TD I-16

3.1 Lykilatriði



TD I-Series hefur fjölda af innbyggðum eiginleikum. Sumt af þessu er staðalbúnaður og sumt er hægt að panta sem viðbótareiginleika.

Staðalbúnaður: 2 × myndavél, 1 × hljóðnemi, 2 × hátalarar, 1 × IR ECU (umhverfisstýringareining), 1 × Bluetooth® og 1 × WLAN (þráðlaust staðarnetkerfi)


3.2 Uppsetning vöru

TD I-Series tækið er með rafrýmda lita snertingu, LED baklýstan skjá. TD I-13 er með 13,3" skjá með 1920 × 1080 pixla upplausn. TD I-16 er með 15,6" skjá með 1920 × 1080 pixla upplausn.

3.2.1 TD I-13 og TD I-16




3.2.2 Tengi, skynjarar og tækjahnappar




Skýringamynd 1: Framhlið

Staða	Lýsing	Staða	Lýsing
1	Staða LED	6	Aðlögunarhnappur 1 - þríhyrningur (stillanlegur) Rakningarstaða (sjálfgefið fyrir snertingu) Sjá 5.11.1 Aðlögunarhnappar, síða 38.
2	Ljósskynjari	7	Aðlögunarhnappur 2 - ferhyrningur (stillanlegur) Kvarða augnstýringu (sjálfgefið fyrir snertingu) Sjá 5.11.1 Aðlögunarhnappar, síða 38.
3	Hljóðnemi	8	Lækka hljóðstyrk
4	Myndavél 2 MP Sjálfvirkur fókus (FF)	9	Hækka hljóðstyrk
5	Augnstýring		



Skýringamynd 2: Til baka

Staða	Lýsing	Staða	Lýsing
10	Myndavél 8 MP Sjálfvirkur fókus (AF)	13	Festingarplata
11	Ræsingarhnappur	14	Hátalarar
12	Félagagluggi	15	Forritanleg IR fjarstýring/ECU (sendir og móttakari)



Skýringamynd 3: Neðst, vinstri og hægri hlið

Staða	Lýsing	Staða	Lýsing
16	Straumtengill	19	Rofagátt 1
17	USB 3.0 tengi (2)	20	Rofagátt 2
18	Heyrnartólstengi 3,5 mm	21	Rafhlöðulok



Aldrei beita afli til að þrýsta tengli inn í gátt. Ef ekki er hægt að setja tengilinn fremur auðveldlega í gáttina, passa þeir líklega ekki saman. Passaðu að tengillinn passi í gáttina og að þú hafir staðsett tengilinn rétt í samræmi við gáttina.

Passaðu þig sérstaklega með USB tengla.

3.3 Foruppsettur hugbúnaður

TD I-Series tækið er afhent með öllum forpöntuðum og nauðsynlegum hugbúnaði uppsettum og tilbúnum til notkunar. Ef enduruppsetning verður nauðsynleg á einhverju stigi skaltu framkvæma verksmiðjuendurheimt. Fyrir frekari upplýsingar, sjá 5.12 *Endurstilla tækið, síða 45*.

4 Rafhlöður í tækinu

4.1 Rafhlöður

TD I-Series tækið hefur eina innbyggða rafhlöðu og rafhlöðuvísir. Rafhlöðuvísirinn sendir frá sér viðvörðun um lága hleðslu þegar rafhlaðan fer niður fyrir 10% af afkastagetu sinni. Viðvörðun um lága hleðslu mun birtast á skjánum. Ef TD I-Series tækið er ekki tengt við afgjafa til að hlaða, TD I-Series mun tækið slökka á sér. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *Viðauki D Tæknilýsingar, síða 56*.

4.2 Hleðsla TD I-Series

1. Tengdu rafmagnssnúruna við raftengilinn á tækinu.
2. Tengdu spennubreytinn við innstungu og hafðu spjaldtölvuna í hleðslu þar til rafhlaðan er fullhlaðin.

Fyrir geymslu og hleðslu hita rafhlöðunnar, sjá *2 Öryggi, síða 12*.

4.2.1 Staða LED Hegðun

Staða LED mun skína með þremur (3) mismunandi litum:

- Grænn — Fullhlaðin
- Blár — Hleður
- Rauður - Villa




Ef LED ljósið blikkar rautt þrisvar (3) sinnum þegar ýtt er á aflhnappinn er rafhlöðuhleðslan undir krítísku stig og þarf að hlaða rafhlöðuna.

4.3 Að skipta um rafhlöðu




Aðeins notandi má skipta um rafhlöðu með TDG G1 rafhlöðupakka sem seldur er af Tobii Dynavox. Sprengingarhætta er ef skipt er um rafhlöðu fyrir ranga gerð.


1. Passaðu að slökka á tækinu. Fyrir frekari upplýsingar, sjá *5.2 Slökkt á tækinu, síða 23*.
2. Aftengdu rafmagnstengið frá tækinu.
3. Settu tækið þannig að skjárin sé vísi niður.
4. Losaðu skrufurnar fimm (5) sem halda rafhlöðulokinu á sínum stað með stjórnuskrúfjárn.




5. Fjarlægðu rafhlöðulokið.




6. Togaðu í rafhlöðuólina til að fjarlægja rafhlöðuna úr rafhlöðuhólfinu.




7. Ýttu nýju rafhlöðunni inn í rafhlöðuhólfíð.




Samræmdu rafhlöðutáknin tvö, annað er staðsett á rafhlöðunni og hitt á tækinu, til þess að rafhlaðan sé í réttri stöðu.



8. Settu rafhlöðulokið aftur á sinn stað.



9. Hertu skrufurnar fimm (5) með stjörnuskrúfjári.



5 Notkun á tækinu



Sérstakar reglur gilda um flutning á litíumjónarafhlöðum. Ef þau detta, eru kramin, götuð, kastað, farið illa með eða skammhlaup verður í þeim, geta þau losað skaðlegt magn hita og kviknað getur í þeim, og þau eru hættuleg í eldi.

Ráðfærðu þig við IATA reglur þegar þú flytur litíum málm eða litíumjónarafhlöður eða rafgeyma: http://www.iata.org/whatwedo/cargo/dangerous_goods/Pages/lithium_batteries.aspx

Engin kunnátta önnur en lestur og líkamlega snerting við tækið er nauðsynleg til að setja upp TD I-Series tækið. Fylgdu þessari notandahandbók og flýtihandbókinni.

5.1 Kveikt á tækinu

Ræstu tækið á einni af eftirfarandi leiðum:

- Ýttu á aflhnappinn efst á tækinu. (Staða 11 á *Skýringamynd 2: Til baka, síða 18*)
- Virkjaðu stilltan rofa.



Nánari upplýsingar um stillingu rofa er að finna í *5.11.4 Rofar, síða 40*.

Þegar þú hefur ræst tækið mun Power LED-ljosið skína blátt eða grænt eftir því hvort tækið er tengt við riðstraum eða rafhlöður. Fyrir frekari upplýsingar um LED-ljósá hegðun, sjá *Viðauki C Rekstrarástand tölvubúnaðar og staða LED ljósa, síða 54*.

5.1.1 Fyrsta ræsing

Þegar þú ræsir TD I-Series í fyrsta skipti þarftu að fara í gegnum nokkur skref til að setja TD I-Series upp með réttum hugbúnaði og uppsetningu á tungumáli. Allt ferlið tekur vanalega á bilinu 10-15 mínútur.

Strax eftir að hafa ræst upp TD I-Series, verður þú tekinn í gegnum Windows out-of-box upplifun (OOBE). Það mun krefjast þess að þú samþykkir bæði Microsoft og Tobii Dynavox notendaleyfissamninga. Þetta er líka þar sem þú setur upp tungumála- og tímabeltisstillingar. Þú munt einnig geta tengst WIFI neti. Fylgdu einfaldlega leiðbeiningunum á skjánum til að halda áfram í næsta skref.



Internettenging er ekki skilyrði.

5.1.1.1 Staðbundinn reikningur

5.1.1.1.1 Hvað er staðbundinn ónettengdur reikningur í Windows?

Staðbundinn reikningur er samsetning notendanafns og lykilorðs sem þú hefur notað til að skrá þig inn á eitthvað af eldri Windows stýrikerfum. Það veitir þér aðgang að kerfinu og gerir þér kleift að aðlaga það að þínum stillingum og óskum. Staðbundinn notendareikningur í Windows gerir þér kleift að setja upp hefðbundin forrit, sérsníða stillingar og nota stýrikerfið á gamla mátann. Auðvitað er hægt að búa til staðbundna reikninga án nettengingar fyrir eitt kerfi, þannig að ef þú ert með mörg tæki þarftu að nota nýjan staðbundinn reikning fyrir hvert þeirra. Og þó að það sé ekki endilega mælt með því, gerir þessi tegund af ónettengdum reikningi þér kleift að fjarlægja lykilorðsvörn ef þú vilt hana ekki.

Nauðsynleg forrit úr Windows-búðinni verða foruppsett og munu uppfærast þögn í bakgrunninum ef þörf krefur.

5.1.1.2 Að búa til staðbundinn notendareikning

1. Sjálfgefið er að Windows mælir með innskráningu á Microsoft reikning. Stofna verður staðbundinn reikning í staðinn.
2. Veldu **tengja Domain í staðinn**.
3. Sláðu inn nafn fyrir notendareikninginn.
4. Veldu **Næst**.
5. Ef þú vilt nota lykilorð skaltu slá inn eftirminnilegt lykilorð.
6. Veldu **Næst**.
7. Staðfestu lykilorðið sem var slegið inn í síðasta skrefi.

8. Veldu Næst.
9. Fylgdu skrefunum sem eftir eru til að bæta við öryggisspurningum og svörum ef lykilorðið gleymist og þarf að endurheimta það.

5.1.1.3 Uppsetning Tobii Dynavox

Þegar ofangreindum skrefum hefur verið lokið, mun Tobii Dynavox uppsetningarleiðarvísir ræsast.

Uppsetningarleiðarvísirinn mun biðja þig um QR-kóða sem skilgreinir hvaða Tobii Dynavox hugbúnað á að setja upp. QR-kóðinn fylgir á pappír með tækinu þínu og uppsetningarleiðarvísirinn gerir þér kleift að nota innbyggðu myndavélina að aftan til að skanna hann. Að öðrum kosti geturðu líka slegið inn vörulykilinn handvirkt, sem er að finna á sama blaði og QR-kóðinn. Þegar búið er að lesa QR-kóðann/vörulykillinn mun kerfið taka um það bil 5-10 mínútum í að stilla Tobii Dynavox samskiptahugbúnaðinn. Í millitíðinni verður þú beðinn um að staðfesta öryggisupplýsingar og stjórna stillingum tækisins. Þegar hugbúnaðurinn þinn er stilltur og tilbúinn til notkunar færðu sjálfkrafa tilkynningu um það.

1. Fjarlægðu hugbúnaðarleyfisskjölin með QR kóðanum úr kassanum og skannaðu þau með því að nota afturvísandi myndavél tækisins.



Ef myndavélin á í vandræðum með að lesa QR kóðann skaltu velja handvirka færslu.

2. Valkostur birtist til að leyfa tækinu að skrá sig sjálfkrafa inn á notandareikninginn þegar kveikt er á tækinu. Ef þú vilt skrá þig inn sjálfkrafa skaltu hafa reitinn merktan og sláðu inn **lykilorðið fyrir notandareikninginn** sem var settur upp í fyrri skrefum hér að ofan. Taktu hakið úr reitnum ef þú vilt slá inn lykilorðið fyrir notandareikninginn þegar tækið er ræst. Þegar því er lokið skaltu velja **Næst**.
3. **Tækið mun síðan stilla og klára uppsetninguna.** Þegar því er lokið er tækið tilbúið til notkunar!

Til hamingju, þú ert nú tilbúinn til þess að nota Tobii Dynavox tækið!

5.1.2 Upplýsingar um lykilorð

TD I-Series tækið er stillt þannig að það ræsist án lykilorðs. Þó það sé óvenjulegt, þá eru aðstæður þar sem lykilorðsglugginn gæti skotið upp kollinum; til dæmis þegar þú býrð til nýjan notanda í stýrikerfinu, þegar þú kemur aftur úr svefnstillingu stýrikerfisins eða þegar þú hleður niður hugbúnaðaruppfærslum af netinu.



Ef þú ákveður að nota lykilorð fyrir notandareikninginn þinn á þínu TD I-Series tækið, vertu viss um að skrifa það niður og vista á öruggum stað til síðari notkunar. Án aðgangslýkilorðs stýrikerfisins, gæti Tobii Dynavox aðstoð ekki aðstoðað þig fyrir en þú hefur endurheimt það í gegnum Microsoft.

Lykilorðið er hástafaviðkvæmt.

Ef lykilorðsglugginn birtist, sem krefst lykilorðs, þarftu að vita lykilorðið eða hvar það er að finna. Notaðu Windows skjályklaborðið eða ytra USB lyklaborð (fylgir ekki með) til að slá inn lykilorðið.

5.2 Slökkt á tækinu

Slökkva skal á tækinu með því að nota eina af eftirfarandi leiðum:

- Notaðu upphafsvalmyndina í Windows (mælt er með því þegar mögulegt er).
- Með því að ýta á aflhnappinn.
- Í gegnum samskiptahugbúnaðinn sem er uppsettur á tækinu.

Ef þú getur ekki slökkt á tækinu með því að nota eitthvað af ofangreindu geturðu haldið aflrofanum á efri brún tækisins niðri í sjö sekúndur. Tækið mun þá af leiðandi slökkva strax, án þess að bíða eftir að opnum forritum sé lokað.




Þetta er ekki talið "hefðbundin" Windows lokun og er því ekki mælt með því nema af algjörrri nauðsyn.

5.3 Notkun Eye Gaze (Augnstýringu)


TD I-Series tækin starfa af nákvæmni óháð gleraugum, augnlinsum, augnlit eða birtuskilyrðum. Eye Gaze gerir þér kleift að stjórna tölvunni með augunum með því að nota annað hvort Gaze Enabled forritana.

5.3.1 Staðsetning



Skýringamynd 4: Staðsetning

TD I-Series er hannað til að virka best þegar það er samsíða augum notanda í fjarlægð upp á u.þ.b. 65 cm (25,6 tommur), sjá *Skýringamynd 4: Staðsetning, síða 24*.



Skýringamynd 5: Staðsetning þegar notendur halla sér til hliðar eða þeir sem liggja.

Það þýðir að fyrir þá notendur sem halla út á hlið eða eru liggjandi að TD I-Series þarf einnig að vera hallað til þess að augu notanda séu samsíða skjánum og í sem bestri fjarlægð, sjá *Skýringamynd 5: Staðsetning þegar notendur halla sér til hliðar eða þeir sem liggja., síða 24*.

- i** Passaðu að notandi sé staðsettur á þægilegan hátt með tilliti til bestu staðsetningar og fjarlægð frá einingunni. Vertu líka meðvitaður um að þægindi notanda, auk þess að frammistaða Eye Gaze verður aukin ef sólin skín ekki beint á skjáinn eða í augu notanda.

Notandi ætti að vera staðsettur í kjölfjarlægð til að leyfa bestu mögulegu Eye Gaze.

5.3.2 Ráð til notkunar utandyra

Hér eru nokkur ráð fyrir betri frammistöðu þegar augnstýring er notuð utandyra, sérstaklega í björtu sólarljósi.

- Það gæti verið hagkvæmt að endurstilla tæki á mismunandi tímum dags vegna umhverfisbreytinga eins og breytinga á birtu eða flutnings innandyra og utan.
- Notaðu derhúfu eða eitthvað sambærilegt til að varpa skugga á augun. Þetta mun verulega auka afköst augnstýringarinnar.
- Forðastu að fá sólarljós beint á augnmælinn til að ná sem bestri augnstýringu.

5.3.3 Rakningarkassi

TD I-Series gerir ráð fyrir víðtæku frelsi höfuðhreyfinga. Þegar TD I-Series er rétt stillt og komið fyrir framan notandann, ekki er þörf á frekari stillingum.


TD I-Series framleiðir rakningarkassa í fremstu röð með áætluðum stærðum 35 × 35 cm / 13,8 × 13,8 tommur á 65 til 80 cm / 25,6 til 31,5 tommu frá skjánum (breidd × hæð) og 20 × 20 cm / 7,9 × 7,9 tommur í 50 cm / 19,7 tommu frá skjánum (breidd × hæð). Dýpt rakningarkassans er 50 cm / 19,7 tommur, með vinnufjarlægð 45 - 95 cm / 20 - 37 tommur frá skjánum. Rakningarkassinn er ósýnilegur kassi staðsettur um það bil 65 cm (25.56in) beint út frá punkti rétt fyrir ofan miðjan skjáinn, sjá *Skýringamynd 6: Rakningarkassinn, síða 25*.

Fyrir betri virkni fyrir Eye Gaze, þarf notandinn að hafa að minnsta kosti eitt auga í rakningarkassanum á hverjum tímapunkti.



Skýringamynd 6: Rakningarkassinn

5.3.4 Staða rakningar



Staða rakningar aðgerð er notuð til að athuga hvort að notandi sé rétt staðsettur fyrir framan augnstýringuna.

- Hvítu punktarnir tveir (2) túlka augu notandans og hvernig þau eru staðsett í átt að skjánum. Fyrir ákjósanlegustu stöðu, ættu hvítu punktarnir að vera í miðjunni á svarta svæðinu.
- Litríka sláin hægra megin með hvítu örinni táknar hversu langt frá eða nálægt notandinn er staðsettur frá skjánum.
 - Ef hvíta örin er í miðju græna svæðinu á slánni, er notandinn í kjörfjarlægð frá skjánum.
 - Ef örin er á neðri hluta slárinnar — skaltu færa notandann nær.
 - Ef örin er á efri hluta slárinnar — skaltu færa notandann fjær frá slánni.

1. Veldu eina af eftirfarandi leiðum til að fá aðgang að stöðu rakningar:




- Veldu Staða rakningar hnappinn, staðsettur **6** *Skýringamynd 1: Framhlið, síða 17*, á tækinu.
- Opnaðu Staða rakningar innan frá þínum Tobii Dynavox Communication software

2. Staðsettu tækið.

3. Veldu **loka** hnappinn þegar það er búið.

5.3.5 Augnstýringarstillingar (forrit)

5.3.5.1 Fínstillingar flipi



Fínstillingar notendauppsetningar: Sýnir nafn notendauppsetningar sem er virk.

Skoða notendauppsetningar: Veldu þennan hnapp fyrir notendauppsetningar sem þegar eru til. Fyrir frekari upplýsingar, sjá 5.3.5.1.1 *Skoða notendauppsetningar*, síða 26.

Búa til nýja notendauppsetningu: Veldu þennan hnapp til að búa til nýja notendauppsetningu. Fyrir frekari upplýsingar, sjá 5.3.5.1.2 *Búa til nýja notendauppsetningu*, síða 27.

Niðurstöður fínstillinga: Veldu þennan hnapp til að sjá niðurstöður fínstillingar. Fyrir frekari upplýsingar, sjá 5.3.5.1.3 *Niðurstöður fínstillingar*, síða 27.

Prófunarfínstilling: Veldu þennan hnapp til að opna prófunarfínstillingar síðuna. Fyrir frekari upplýsingar, sjá 5.3.5.1.4 *Prófa fínstillingu*, síða 28.

Rekja augu: Veldu hvernig tækið á að rekja augu notanda á milli: **Bæði**, **vinstra** eða **hægra**.


Fínstilling: Veldu **Sérsníða** hnappinn til að sérsníða fínstillinguna. Fyrir frekari upplýsingar, sjá 5.3.5.1.5 *Kvörðun*, síða 29. Veldu **Fínstill** hnappinn til að hefja nýtt fínstillingarferli og fylgdu leiðbeiningunum á skjánum.

5.3.5.1.1 Skoða notendauppsetningar:

Á skoða notendauppsetningar síðunni getur þú virkjað eða eytt fyrirliggjandi notendauppsetningu.

Á miðjum skjánum, undir virkri notendauppsetningu, getur þú séð nafn virkrar notendauppsetningar.

Allar tiltækar notendauppsetningar verða listaðar á síðunni, notaðu



og

hnappinn til að skruna í gegnum

tiltækar notendauppsetningar.

5.3.5.1.1.1 Notendauppsetning virkjuð

1. Veldu hnapp með nafni notendauppsetningar til að virkja.
2. Veldu **virkja** hnappinn sem staðsettur er efst til hægri á skjánum.
3. Veldu **Já** til að virkja valda notendauppsetningu eða **Nei** til að hætta við.
4. Veldu **Loka** til að fara af síðunni.

5.3.5.1.1.2 Notendauppsetningu eytt


1. Veldu hnappinn með nafni notendauppsetningar til að eyða.
2. Veldu **eyða** hnappinn sem staðsettur er efst til vinstri á skjánum.
3. Veldu **Já** til að eyða valdri notendauppsetningu eða **Nei** til að hætta við.

4. Veldu **Loka** til að fara af síðunni.

5.3.5.1.2 Búa til nýja notandauppsetningu


1. Staðsettu notanda þannig að punktarnir tveir sem standa fyrir augu notanda séu í miðjum kassanum á skjánum.
2. Veldu **Sérsníða** hnappinn til að sérsníða fínstillinguna.
Fyrir frekari upplýsingar, sjá 5.3.5.1.5.1 sérsníða, síða 29.
3. Veldu **búa til nýja notandauppsetningu** hnappinn.
4. Veldu **já** til að halda áfram eða **Nei** til að hætta við.
5. Gefðu nýrri notandauppsetningu nafn.

 Nota verður lyklaborð og mús.

 Aðeins er hægt að nota alfa-tölustafi.

6. Veldu **Ræsa** hnappinn til að hefja fínstillinguna eða **Hætta við** til að hætta við.
Fínstillingin mun hefjast strax.
7. Sjáðu niðurstöður fínstillinga.
Fyrir frekari upplýsingar, sjá 5.3.5.1.3 Niðurstöður fínstillingar., síða 27.
8. Veldu **Loka** til að samþykkja fínstillinguna.


5.3.5.1.3 Niðurstöður fínstillingar.




Á niðurstöðusíðu fínstillingar, getur þú séð niðurstöður fínstillingar fyrir hvern fínstillingar punkt. Hversu margir fínstillingar punktar eru sýndir á síðunni fer eftir því hvaða gerð fínstillingar þú valdir og hvernig þú hefur sérsníðið fínstillinguna.

Fínstillingar punktur getur haft þrjár (3) mismunandi stöður:

- Frábær (græn)
- Góð (gul)
- Engin gögn (rauð)

 Vertu meðvitaður um að sama hvaða gæðum fínstillingar þú hefur náð muntu geta valið **Loka** og byrjað að nota Eye Gaze. Það er nákvæmni og virkni Eye Gaze sem hefur áhrif á gæði fínstillingar niðurstöðurnar. Reyndu að ná bestu fínstillingu sem mögulegt er.


Mundu! Að lokum er það persónulega reynslan sem gildir!

 Að bæta jafnvel einn (eða fleiri) fínstillingar punktanna getur bætt fínstillinguna verulega.

5.3.5.1.3.1 Bæting fínstillingar punkta


Ef bæta þarf fínstillingar punkta skaltu fylgja þessum skrefum:

1. Víxlaðu **Völdu punktunum með augntilliti** Kveikt/Slökkt yfir á Kveikt til að kveikja á fínstillingar punktunum til að velja þá með augntilliti. (Valkvætt)
2. Veldu fínstillingar punkta til að bæta.



3. Veldu **Bæta punkt(a)** hnappinn til að hefja fínstillingu fyrir valda fínstillingar punkta.
4. Endurtaktu skref 1-3 ef þess þarf.

5.3.5.1.4 Prófa fínstillingu




Á prófa fínstillingu síðunni er hægt að prófa fínstillingu, með fyrirframákveðnum mörkum á síðunni, til að sjá hvort notandi þurfi að endurfínstilla augnstýringu.

1. Líttu á hvorn punkt í hvorum hring á skjánum til að sjá hversu nákvæm augnrakning er á því svæði.
2. Veldu **Loka** þegar þetta er búið.

5.3.5.1.5 Kvörðun

5.3.5.1.5.1 sérsníða

Veldu **Sérsníða** hnappinn á Fínstillingarsvæðinu til að sérsníða fínstillingarferlið.



Fínstillingar punktar: Veldu hvort nota eigi **1**, **2**, **5**, eða **9** fínstillingar punkta.

Fínstillingarsvæði: Fyrir frekari upplýsingar, sjá 5.3.5.1.5.1.1 *Fínstillingarsvæði*, síða 29.

Skrefa-aðgerðir: Veldu kveikt í kveikja/slökkva á skrefa-aðgerðir til að virkja eiginleikann þannig að þú notar „S“ lykilinn á lykklaborðinu eða pikkar/smellir á skjáinn til að fara í gegnum fínstillinguna skref fyrir skref.

Fínstillingarhljóð víxlaðu á milli kveikt/slökkt á fínstillingarhljóði.

Hvati:

Veldu **Vafra** hnappinn til að breyta **Hvata** úr sjálfvöldum hvítum punkt í:

- Einn af inniföldu hvötum, mynd eða myndbandi
- Mynd af upphaldsleikfangi notanda
- Upphalds myndband
- Eða eitthvað annað.

Bakgrunnur: Veldu **bakgrunn** hnappinn til að breyta lit á bakgrunni fyrir fínstillingarferlið.

Hraði hvata: Veldu hraða fyrir hvatann til að fara um skjáinn:

- Hægt
- Meðal
- Hratt


Stærð hvata: Veldu stærð hvata þegar hvatinn er sýndur á skjánum:

- Lítið
- Meðal
- Stórt

Loka: Veldu **Loka** hnappinn til að fara af síðunni.


5.3.5.1.5.1.1 Fínstillingarsvæði

Veldu hnappinn **Fínstillingarsvæði** til að geta sérsníðið fínstillingarsvæðið.



Sérnsníðing fínstillingarsvæðis getur verið gagnleg ef þú hefur komist að því að notandi hefur ekki aðgang að vissum svæðum skjásins með Eye Gaze. Með því að breyta stærð fínstillingarsvæðisins þannig að það nái ekki yfir svæði sem notandi hefur ekki aðgang að getur það bætt fínstillinguna.

Þú getur fært og breytt stærð fínstillingarsvæðisins til að láta það passa í óskað svæði á skjánum.



Veldu einn eftirfarandi hnappa:

- **Í lagi** — til að stilla fínstillingarsvæðið á stærðina sem þú hefur stillt á og fara úr stillingum fínstillingarsvæðis.
- **Hætta við** — til að henda breytingunum og fara úr stillingum fínstillingarsvæðis.
- **Sjálfgefið** — til að endurstilla fínstillingarsvæðið á verksmiðjustillingu.


5.3.5.1.5.2 Fínstillla

Veldu **Fínstillla** hnappinn til að byrja fínstillinguna. Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum.

Til að sérnsníða fínstillingu, sjá [5.3.5.1.5.1 sérnsníða](#), síða 29.

5.3.5.2 Virkjunarflipi

5.3.5.2.1 Augntillits stillingar



Í virkjunarflipa, eru allar stillingar fyrir hvernig notandi hefur samskipti við Eye Gaze stilltar. Hvort notandi muni nota augntillit og augntillit og rofa til að framkvæma skipanirnar og hvernig samskiptin eiga að fara fram.

Virkjunaraðferð:

- **Augntillit** - veldu augntillit til að nota augntillits stöðu til að virkja þysjunaraðgerðina sem endar með framkvæmd óskaðs verkefnis.
- **Augntillit og rofi** - veldu rofa til að nota augntillits stöðu til að virkja þysjunaraðgerðina sem endar með framkvæmd óskaðs verkefnis.


Hnappadvalartími (millisekúndur)

Hnappadvalartíma má stilla á 8 mismunandi stig, horfðu bara á óskaða stöðu til að breyta stillingunni. Ef hnappadvalartíma er breytt, breytir það hversu lengi notandi þarf að hafa augun á hnappnum áður en verkefni er framkvæmt. Skalinn sýnir lægri hnappadvalartíma til vinstri og hærri til hægri.

Horfðu undan áður en þú velur aftur

- **Kveikja** - Veldu **kveikja** til að virkja **Lítu af áður en þú velur aftur**. Þegar **kveikt** er á þessu þarf notandi fyrst að líta frá virku augntillitssvæði til að geta virkjað sama augntillitssvæði aftur.
- **Slökkva** - Veldu **slökkva** til að afvirkja **Lítu af áður en þú velur aftur**. Þegar **slökkt** er á þessu, verður virkt augntillitssvæði virkjað aftur og aftur eins lengi og notandi heldur áfram að horfa á augntillitssvæðið. (Sjálfvalið)

5.3.5.2.2 Stillingar augntillits og rofa



Lágmarks smellitími:

Lágmarks smellitíma má stilla á 8 mismunandi stig, horfðu bara á óskaða stöðu til að breyta stillingunni. Breyting á lágmarks smellitíma mun breyta því hversu lengi notandinn þarf að yta á rofann áður en hann velur. Skalinn sýnir lægri smellitíma til vinstri og hærri til hægri.

Tímalengd á milli smella:


Tímalengd á milli smella má stilla á 8 mismunandi stig, horfðu bara á óskaða stöðu til að breyta stillingunni. Breyting á tímalengd á milli smella mun stilla hversu lengi „dauðatíminn“ sem Eye Gaze hugbúnaðurinn bíður áður en hann leyfir frekari innslátt fyrir rofa. Skalin sýnir lægri smellitíma til vinstri og hærri til hægri.

Horfðu undan áður en þú velur aftur

- **Kveikja** - Veldu **kveikja** til að virkja **Lítu af áður en þú velur aftur**. Þegar **kveikt** er á þessu þarf notandi fyrst að líta frá virku augntillitssvæði til að geta virkjað sama augntillitssvæði aftur.
- **Slökkva** - Veldu **slökkva** til að afvirkja **Lítu af áður en þú velur aftur**. Þegar **slökkt** er á þessu, verður virkt augntillitssvæði virkjað aftur og aftur eins lengi og notandi heldur áfram að horfa á augntillitssvæðið. (Sjálfsvalið)


Rofa inntak:

